

## Stjórnarfundur JA á Ísl – 30. ágúst 2023

Mættir: Ágúst, Aníta, Helga, Ástrós og Sólrún

- Verkaskipting stjórnar
  - Stjórn skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt: Formaður er Ágúst Jakobsson, Sólrún Óskarsdóttir er ritari, Aníta Jónsdóttir er gjaldkeri, meðstjórnendur eru Helga Jónsdóttir, Sólveig Ósk Guðmundsdóttir, Ástrós Rún Sigurðardóttir og Júlía Birgisdóttir.
- Fundartímar stjórnar í vetur
  - Samþykkt að stjórn fundi kl. 17:30, fjórða mánudag í mánuði. Formaður boðar fundi.
- Fjármál
  - Fjárhagsstaða félagsins. Gengur hefur á sjóðina vegna prentunar á bókum. Þessa stundina eru 476 þús á reikningnum og framundan að greiða fyrir prentun grunnskólabókarinnar.
  - Innheimta félagsgjalda. Á aðalfundi voru félagsgjöld ársins ákveðin 6000 krónur. Skráðir félagsmenn eru nú um 120 talsins. Ágúst og Aníta taka að sér að setja innheimtu félagsgjalda ársins í gang.
- Námskeiðahald
  - Námskeið í skólum í skólabyrjun - Aníta og Ágúst fóru vítt og breytt um landið með námskeið í grunnskólum í ágúst, haldin voru námskeið fyrir 12 skóla og eitthvað verður um eftirfylgninámskeið í vetur.
  - Námskeið framundan – 2 leikskólanámskeið og 2 grunnskólanámskeið. Heldur hæg skráning á grunnskólanámskeiðin.
- Útgáfa grunnskólahandbókar
  - Þýðingu lokið, verið að ganga frá samningnum við PDA og beðið eftir grænu ljósi á prentun. Ágúst ætlar að ganga á eftir málinu og gera allt til að koma prentun af stað í vikunni eins og planið var. Pantaðar hafa verið milli 40 og 50 bækur upp í prentunina.
- Verkfæraspjöld þýðing og útgáfa
  - Fá þarf leyfi frá höfundum / PDA – Ágúst ætlar að hafa samband og athuga hvað þarf að gera til að fá leyfið.
  - Þýða – nú þegar hafa þýðingar mikið verið í höndunum á sama fólkinu. Gæta þarf að því að endanlegt orðalag sé í samræmi við það sem er í bókunum. Ástrós og kennarar í hennar skóla ætla að skoða málið.
  - Finna prentþjónustu – athuga með Pixel, Héraðsprent, Prentmet-Oddi
    - Sólrún athugar með kostnaðnað Pixel 200 stk
    - Hugmynd um að dreifa spjöldunum til félagsmanna, þeim að kostnaðarlausu.
- Veggspjöld – endurskoðun og útgáfa
  - Efni? – Stekkjaskóli með hugmynd sem þau hafa gert með litapemu, sem unnið er með í öðru starfi skólans
  - Þæling um að varpa fram hugmyndum á heimasíðu um texta og útlit.
  - Auglýsa eftir hugmyndum
    - Margir nota t.d. Canva og fullt af hugmyndaríku fólki sem gæti sett upp með einföldum hætti efni til að nota á miðla í veggspjöld og kynningar.

- Uppfærsla heimasíðu og viðbætur á efni
  - Fleiri myndbönd – spurning um efnistöð? – Væri hægt að setja inn myndband af vel heppnuðum bekkjarfundi. Kennslu og útskýringarmyndbönd um það sem gæti nýst.
    - Skýringarmyndband um bekkjarsáttmála í grunnskóla – Aníta hugsar
    - Skýringarmyndband um venjur og rútínur í leikskóla – Sólrún athugar
    - Myndband um barnafundi í leikskóla – Grænuvellir athuga
    - Myndband af bekkjarfundi í grunnskóla – auglýsa eftir
    - Störf / hlutverk í grunnskólum og leikskólum
  
- Útgáfa fréttabréfs
  - Ágúst vinnur að útgáfu fréttabréfs, stefnt að útgáfu í næstu viku.
    - Námskeið framundan
    - Útgáfa bóka
    - Auglýsa eftir myndum / myndböndum?
    - Félagsgjöldin
    - Verkfæri – vekja athygli á þeim
    - Kynna nýja stjórn
    - Vekja athygli á heimasíðunni
    - Verkefni framundan hjá félaginu
    - Fræðslufundir í vetur
  
- Skipulag fræðslu- og umræðufunda
- Verða 2. mánudag í mánuði kl. 15:00-16:00 á ZOOM
  - Sept - Innleiðing JA í grunnskólum – erindi og umræður - ÁFJ
  - Okt - Innleiðing JA í leikskólum – erindi og umræður – ath með Jónínu
  - Nóv – Störf í skólanum / Lausnastaðir / Lausnaleiðir – erindi og umræður
  - Des - Heilinn í hendinni og griðastaðir / Trompið – erindi og umræður
  - Jan – Taflan um misheppnuð markmið – erindi og umræður
  - Feb – Lausnir og afleiðingar – erindi og umræður
  - Mars – Bekkjarfundir/Barnafundir hvað ef illa gengur? - erindi og umræður
  - Apr – Kennari hjálpar kennara
  - Maí – Mat og áætlanagerð
  - Stíllt á 2. mánudag í mánuði

#### Skoða síðar

- Endurskoða æfingar í möppu
- Notkun og aðgangur að Dropbox og endurskipulagning
- Tenglar á annað efni sem getur nýst
  
- Námskeið/hittingur fyrir stýrihópa í skólum? – ræðum á næsta fundi
- Önnur mál? - engin

Næsti fundur 27. september kl. 17:30 Sólrún ritaði fundargerð